

# Fundargerð 34. fundar

## skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2019, þriðjudaginn 26. mars kl. 10:30 kom skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Gauti Jóhannesson, Hrafnkell Á. Proppé, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og Dagbjört Jónsdóttir, sem tók þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Að auki sátu fundinn Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var Valtýr Valtýsson fulltrúi í nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og tók hann þátt í umfjöllun um 1. og 2. lið.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu - 1803004SA

Lögð voru fram til kynningar og umræðu bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar og minnisblað sveitarstjóra Húnavatnshrepps þar sem gerðar eru athugasemdir við hlutverk starfshóps um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og lagst gegn hugmyndum um stofnun þjóðgarðs. Byggist sú afstaða m.a. á því að stofnun þjóðgarðs muni skerða skipulagsvald sveitarfélaga.

Valtýr Valtýsson og Dagbjört Jónsdóttir, fulltrúar sambandsins í starfshópnum, gerðu grein fyrir vinnu starfshópsins og hlutverki hans og svöruðu spurningum fundarmanna.

*Niðurstaða umræðu var að skipulagsmálanefnd leggur áherslu á að fulltrúar sambandsins eigi gott samráð við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem eiga lögsögu á miðhálandinu. Stefnt verði að því að ná fulltrúum þessara sveitarfélaga saman til fundar þar sem mótuð verði frekari afstaða til málsins.*

### 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 - óskað umsagnar - 1903012SA

Lögð var fram til kynningar og umræðu umsögn sambandsins, dags. 15. mars 2019, um drög að frumvarpi til laga um breytingar á náttúruverndarlögum (almannaréttur). Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir gerði jafnframt stuttlega grein fyrir helstu ábendingum sem borist hafa við frumvarpið frá öðrum umsagnaraðilum.

*Skipulagsmálanefnd sambandsins leggur áherslu á að fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum í náttúruverndarlögum um almannarétt verði gerðar í góðri sátt við landeigendur og sveitarfélög. Nefndin bindur vonir við að frekara samráð muni fara fram um efni frumvarpsins áður en það verður lagt fram á Alþingi.*

### 3. Landsskipulagsstefna 2015-2026 - 1607016SA

Lögð var fram til kynningar og umræðu lýsing á landsskipulagsferlinu, sem er í umsagnarferli til 8. apríl, ásamt erindi frá Skipulagsstofnun um skráningu tengiliða á samráðsvettvang sem er net tengiliða sem hafa áhuga á að fylgjast með mótun og framfylgd landsskipulagsstefnu. Aðilar á samráðsvettvangi fá sendar upplýsingar þegar nýtt efni er gefið út og um kynningar- og samráðsfundi og vakin athygli á því þegar tillögur eru til formlegrar kynningar, svo sem þegar lýsing og tillaga að landsskipulagsstefnu eru kynntar. Drög að umsögn sambandsins um lýsinguna var jafnframt lögð fram til umræðu.

*Skipulagsmálanefnd tekur undir áherslur í umsögn sambandsins en við endanlegan frágang umsagnar verður tekið tillit til þeirra ábendinga sem komu fram á fundinum.*

Valtýr Valtýsson vék af fundi 11:30

### 4. Átakshópur um aukið framboð á íbúðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði - 1812018SA

Rætt var almennt um eftirfylgd tillagna átakshóps um úrbætur í húsnæðismálum. M.a. hefur sambandið tilnefnt fulltrúa í þrjá starfshópa sem fjalla eiga um einföldun löggjafar, endurskoðun húsaleigulaga og bættu upplýsingagjöf í húsnæðismálum.

### 5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 - óskað umsagnar - 1902031SA

Lögð var fram til kynningar umsögn sambandsins um drög að frumvarpi um stjórnábylgju loftslagsmála. Umsögninni var fylgt eftir á fundi sem fulltrúar sambandsins áttu með umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Í kjölfar fundarins hefur borist boð um þátttöku fulltrúa sambandsins í fundum verkefnisstjórnar um gerð og eftirfylgd aðgerðaáætlunar. Jafnframt var kynnt dagskrá málþings sveitarfélaga um loftslagsmál 28. mars nk.

*Skipulagsmálanefnd sambandsins áréttar mikilvægi þess að sveitarfélög eigi beina aðkomu að gerð og eftirfylgni aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og að í þeirri áætlun verði sérstaklega hugað að aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Jafnframt telur nefndin brýnt að aðgengi íslenskra sveitarfélaga verði tryggt að fjármagni til að hrinda í framkvæmd verkefnum á sviði loftslagsmála.*

### 6. Skipulagsmálanefnd sambandsins - fundargerðir o.fl. 2018-2022 - 1810076SA

Fulltrúar LÍSU samtakanna óskuðu eftir fundi með sambandinu til að ræða landupplýsingamál. Hjá LÍSU er að fara af stað verkefni fyrir þá sem hafa umsjón með landupplýsingum, innkaupum þeirra og utanumhald. Betra verklag gæti sparað mikla fjármuni, ekki aura heldur milljónir. Þorbjörg Kjartansdóttir og Þórdís Sigurgestsdóttir, formaður LÍSU mættu á fund nefndarinnar, kynntu fyrirhugað verkefni og svöruðu spurningum nefndarmanna.

### 7. Frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, 710. mál - óskað umsagnar - 1903045SA

Lagt fram til kynningar og umræðu frumvarp til laga um töku gjalds vegna

fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að 2/3 hlutar álagðra gjalda á fiskeldi renni í ríkissjóð en að 1/3 hluti renni í Fiskeldissjóð. Úthlutað verður úr sjóðnum á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum til uppbyggingar innviða og samfélagslegrar þjónustu á þeim svæðum sem nýtast við uppbyggingu fiskeldis. Umsagnarfrestur um frumvarpið er til 1. apríl nk.

*Nefndin ræddi helstu áherslur við gerð umsagnar sambandsins um frumvarpið. Fram kom sú afstaða af hálfu nefndarmanna að of lítil hluti tekna af fyrirhugaðri gjaldtöku renni til sveitarfélaga og að eðlilegast væri að sveitarfélögin fái þessar tekjur beint til sín.*

#### **8. Orkustefna 1. áfangi - staða vinnu - 1812032SA**

Fulltrúar sambandsins og Samtaka orkusveitarfélaga hafa tekið þátt í tveim fundum nefndar um mótun orkustefnu og haldið kynningar, þar sem fjallað hefur verið um fyrirkomulag leyfisveitinga og skattlagningu/auðlindarentu. Umsagnaraðilar munu halda stuttar kynningar á næsta fundi nefndarinnar 1. apríl nk.

#### **Mál til kynningar**

#### **9. Ferðumst saman - Drög að stefnu í almenningssamgöngum - óskað umsagnar - 1903006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. mars 2019, um drög að stefnu ríkisins um almenningssamgöngur - Ferðumst saman.

*Stefnt er að því að fá fulltrúa ráðuneytisins á næsta fund nefndarinnar og var því umræðu um málið frestað til næsta fundar.*

Næsti fundur nefndarinnar verður mánudaginn 20. maí kl. 13:45.

Fundi var slitið kl. 13:15

---

Bárður Guðmundsson

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Hrafnkell Á. Proppé

---

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir